



VINSTRI GRÆN

## Stjórn Vinstrihreyfingarinnar - græns framboðs

Föstudagurinn 11. ágúst 2017.

18. Fundur stjórnar VG, haldinn á Hallveigarstöðum og á fjarfundi.

Elín Oddný Sigurðardóttir ritaði fundargerð.

Katrín Jakobsdóttir stýrði fundi.

**Mætt;** Katrín Jakobsdóttir, Elín Oddný Sigurðardóttir, Á fjarfundi: Edward Huijbens, Bjarkey Olsen Gunnarsdóttir, Jakob S. Jónsson, Una Hildardóttir, Álfheiður Ingadóttir, Bjarni Jónsson. Áheyrnarfulltrúi Sveitarstjórnarráðs: Sóley Björk Stefánsdóttir. Áheyrnarfulltrúi UVG: Ragnar Auðun Árnason. F.h starfsmanna: Björg Eva Erlendsdóttir, Bergþóra Benediktsdóttir og Bjarki Þór Grönfeldt.

Fundur settur kl. 10.01

### Dagskrá:

1. Fundargerð síðasta stjórnarfundar lögð fram og hún samþykkt.
2. Flokksráðsfundur og sumarferð.  
Flokksráðsfundur verður laugardaginn 19. ágúst. Katrín leggur til að Svandís stýri flokksráðsfundi í fjarveru Björns Vals. Mikilvægt að tryggja góða mætingu á fundinn, hann er frekar snemma en mikilvægt að hann sé löglegur. Stjórnarmenn hvattir til að mæta í sumarferð og taka með sér gesti. Katrín leggur til að fyrirkomulagið með sumaferð í ágúst verði endurskoðað til framtíðar. Umræður um sumarferðina og framtíðarfyrirkomulag.
3. Málefnaþópar.  
Elín og Lísu halda utan um málefnaþópar fram að landsfundi. Fundað verður með hópstjórum í kring um flokksráðsfund. Gert er ráð fyrir kynningu á stöðu vinnu í málefnaþópum á fundinum. Mikilvægt að undirbúa vel hvernig uppleggið verður í kring um kynningu málefnavinnunar. Málefnaþópar skila drögum 4. september fyrir landsfund.

4. Landsfundur 6.-8. október.

Drög að dagskrá landsfundar liggur fyrir. Ekki er um lokadrög að ræða. Björg Eva fer yfir uppleggið. Ennþá er verið að staðfesta gesti og vinna að lokadrögum. Stefnt á að fá erlenda gesti á fundinn. Byrjað á föstudagseftirmiðdegi og dagskrá til kl. 14.00 á sunnudag. Fundurinn verður á Grand Hótel í Reykjavík. Á fundinum þarf að gefa tóninn inn í komandi sveitarstjórnarkosningar og verður pallborð um þau mál. Mikilvægt að stilla saman strengi og ræða málefni. Þurfum yfirskrift og skilaboð til VG. Umræða um upplegg landsfundar, málefni og yfirskrift fundar.

5. Starfsmannamál.

Halla Gunnarsdóttir hóf störf á skrifstofunni þann 8. ágúst sl. Halla mun vinna að undirbúningi flokksráðsfundar og síðan landsfundar auk þess sem hún mun vinna að undirbúningi sveitarstjórnarkosninga. Halla er boðin velkomin til starfa.

6. Fjármál.

Björg Eva fer yfir fjármálin. Ársreikningur 2016 er tilbúin og verður sendur til KPMG til endurskoðunar í næstu viku. Erfiðlega hefur gegnið að afla gagna frá svæðisfélögum en vonandi næst að kynna ársreikning á flokksráðsfundi.

7. Tillögur lagabreytingarhóps.

Katrín kynnir framkomnar tillögur lagabreytingarhóps sem starfað hefur í sumar. Hópurinn hefur skilað sínum tillögum sem samstaða náðist um. Stjórn getur kynnt sér tillögur lagabreytingarhóps fram að næsta stjórnarfundum þar sem málið verður tekið fyrir aftur. Umræður um tillögur lagabreytingahóps. Katrín kynnir tillögur að breytingum á reglum um uppstilling og forval. Umræður um reglur um uppstillingu og forval. Stjórn verður síðan að útfæra reglur um meðferð félagatala. Katrín verður í sambandi við lagabreytinganefnd. Gengið verður frá afgreiðslu málsins á næsta fundi.

Fundi slitið kl. 11.35.

Næsti fundur stjórnar VG boðaður föstudaginn 8. september kl. 15.00.